

Ar 1973, mánudaginn 12. nóvember, var í málinu nr. 9/1972 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Raunvisindastofnun Háskólangs hefur á leigu 1,5 hektara landspíldu úr landi jarðarinnar Leirvogstungu í Mosfellshreppi. Í landi þessu hefur stofnunin reist fjögur smáhýsi, samtals 148 m^3 að stærð, og er þar komið fyrir mælitækjum, sem notuð eru til segulmælinga.

Í aðalmati fasteigna er ofangreind fasteign metin á samtals 190 þús. krónur. Hefur hreppsnefnd Mosfellshrepps síðan lagt fasteignaskatt á eign þessa. Skattlagningu þess hefur Raunvisindastofnun Háskóla Íslands kært til Yfirlasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 10. júlí 1972. Í bréfi stofnunarinnar frá 5. nóvember 1973 er hagnýtingu fasteignarinnar lýst með þessum hætti:

" landrými það, sem Raunvisindastofnun Háskólangs hefur á leigu í Leirvogstungulandi í Mosfellssveit, er einungis notuð í þágu segulmælinga og annarra jarðeðlisfræðilegra mælinga, er þar fara fram. Spildan er afgirt og standa á henni nokkrir timburkofar, sem mælitæki eru í, en aðrar nytjar eru ekki hafðar af landinu".

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru skólar og rannsóknastöðvar undanþegnar fasteignaskatti. Verður að telja, að umrædd mannvirki falli undir þessi undanþáguákvæði. Með hliðsjón af ofangreindri nýtingu fasteignarinnar, ber að telja, að skilyrðum undanþágu frá fasteignaskatti sé einnig að öðru leyti fullnægt, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 og 2. - 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Samkvæmt því er Raunvisindastofnun Háskólangs óskylt að svara fasteignaskatti af umræddri fasteign.

Ú R S K U R D A R O R Ð :

Raunvisindastofnun Háskólangs er óskylt að svara fasteignaskatti af ofangreindri fasteign.

Torfi Asgeirsson
Torfi Asgeirsson

Gaukur Jörundsson
Gaukur Jörundsson

Pálmi Jónsson
Pálmi Jónsson